

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag Gljúfurárholt 13 og 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. júní 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt í Ölfusi, lóðir nr. 13 og 14. Deiliskipulagssvæðið er um 6 ha að stærð og tekur til íbúðarhúsa og húsa til landbúnaðarnota á tveim lóðum. Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Nýtingarhlutfall er skv. aðalskipulagi.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Gljúfurárholt 23 og 24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. júní 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt í Ölfusi, lóðir nr. 23 og 24. Deiliskipulagssvæðið er um 5,6 ha að stærð og tekur til íbúðarhúsa, frístundahúsa, gestahúss og skemmu á tveim lóðum. Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Nýtingarhlutfall er skv. aðalskipulagi.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Skyggni í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. febrúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Skyggni í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið er um 10,7 ha að stærð og tekur til frístundahúss, gestahúss og hesthúss á lóðinni. Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Nýtingarhlutfall er skv. aðalskipulagi.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Porlákshöfn, 24. ágúst 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2020